

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 10. maí 2024
UST202403-375/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga -Deiliskipulag fyrir Krosseyri í Geirþjófsfirði - Vesturbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Krosseyri í Geirþjófsfirði í Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir sex byggingareitum á svæðinu sem er um 4,2 ha að stærð. Á reit eitt er íbúðarhús sem má stækka svo það verði allt að 200 m², á reit 2 má reisa 200 m² hús, á reit 3 er heimilt að reisa allt að fjögur smáhýsi allt að 20 m² hver, á reit 4 er heimilt að reis tvö allt að 120 m² frístundahús, á reitum 5 og 6 er heimilt að reisa 50 m² bátaskýli.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir að áhrif tillögunnar á landslag og ásýnd séu neikvæð þar sem er verið að auka byggingarmagna á svæðinu og því mikilvægt að setja í skilmála, að mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu skilyrði um tveggja þrepa hreinsun áður en skólpi sé veitt út í viðtaka. Einnig er mikilvægt að hugað sé að í deiliskipulaginu hvernig losa eigi seyru úr hreinsivirkjun og koma henni í viðeigandi farveg.

Sjávarfitjar

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá¹ Náttúrufræðisstofnunar Íslands eru sjávarfitjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri